

Fimmtudaginn 13. maí 1993.

Nr. 470/1989. **Ármann Óskarsson**

(Gústaf Þór Tryggvason hdl.)

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Brunabótafélagi Íslands

(Ingvar Sveinbjörnsson hdl.)

(Hákon Árnason hrl.).

Brunabætur. Vátrygging

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1989. Dómkröfur hans eru, að stefnda verði gert að greiða sér vátryggingabætur, að fjárhæð 2.919.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 30. desember 1986 til greiðsludags, allt að frádregnum 694.000 krónum hinn 29. mars 1988, 868.222 og 121.755 krónum hinn 10. nóvember 1988. Til vara er gerð krafa um vátryggingabætur, að fjárhæð 2.501.000 krónur, með sömu dráttarvöxtum og frádráttarliðum og í aðalkröfu. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og málskostnaður fyrir báðum dómstigum falli þá niður.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fékk áfrýjandi bræðurna Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmið og Þorstein Sigurðsson rafvirkja til þess að áætla viðgerðarkostnað eftir eldsvoða í húsi sínu að Vallargötu 18 í Sandgerði. Þeir skiluðu kostnaðaráætlunum í janúar og febrúar 1987, sem nema samtals 1.300.283 krónum, og er áætlun Þorsteins í formi tilboðs í raflögn hússins. Hið stefnda félag kaus af sinni hálfu Magnús Jónsson tæknifræðing sem virðingarmann við ákvörðun brunabóta vegna tjónsins samkvæmt 87. gr. reglu-

gerðar nr. 101/1932 um Brunabótafélag Íslands. Áfrýjandi kaus hins vegar ekki virðingarmann, og ekki er í ljós leitt, að félagið hafi skorað á hann að kjósa slíkan mann, eins og ráð er fyrir gert í 87. gr. reglugerðarinnar. Virðingarmaður félagsins hóf þó matsstörf á eigin spýtur og fékk í hendur ofangreindar kostnaðaráætlanir. Fyrir héraðsdómi lýsti virðingarmaðurinn því, að sér hefði verið vísað á Sigurbjörn Þór sem fulltrúa áfrýjanda, en hann hefði ekki talið sig hafa umboð til þess að ganga frá matsgerð. Virðingarmaðurinn studdist við kostnaðaráætlanir bræðranna, en lækkaði fjárhæðir í mati sínu vegna ástands hússins og aldurs.

Í reglugerð hins stefnda félags er skýrlega kveðið á um, hvernig virðing til að ákveða upphæð brunabóta skuli framkvæmd. Í skilmálum félagsins eru einnig ákvæði um framkvæmd þessa. Samkvæmt þessum heimildum bar félaginu að skora á áfrýjanda að tilnefna matsmann af sinni hálfu. Gerði áfrýjandi það ekki þrátt fyrir áskorun, voru félaginu áskilin þau úrræði að tilnefna sjálft báða virðingarmennina, og fór hæfi þeirra þá eftir 26. gr. reglugerðarinnar, eða fá matsmann dómkvaddan af sýslumanni, eins og í skilmálum greinir. Félagið gerði hvorugt, heldur lét við það sitja að tilnefna einungis virðingarmann af sinni hálfu.

Hinu stefnda félagi var rétt vegna stöðu sinnar að hafa frumkvæði í þessum efnum og hlutast til um, að lögmælt virðingargjörð færi fram. Þetta var ekki gert, og liggur virðingargjörð á brunatjóninu samkvæmt reglum félagsins ekki fyrir. Undirritun bróður áfrýjanda undir matsgerð Magnúsar Jónssonar tæknifræðings breytir hér engu, þar sem hann var ekki tilnefndur virðingarmaður samkvæmt reglum félagsins. Var því ekki heldur um að ræða, að áfrýjandi gæti skotið virðingu tjónsins til yfirmats.

Við þessar aðstæður þykir verða að líta til kostnaðaráætlana þeirra Sigurbjörns Þórs Sigurðssonar og Þorsteins Sigurðssonar, sem áfrýjandi lýsti fyrir héraðsdómi, að hann hefði sætt sig við, en niðurstöðutölur þeirra voru, eins og áður sagði, samtals 1.300.283 krónur. Kemur þá ekki til álita sú krafa áfrýjanda, að bætur fyrir brunatjónið verði miðaðar við váttryggingarfjárhæð eignarinnar samkvæmt brunabótamati. Þegar á allt er litið, verður að telja rétt að leggja fyrrgreindar áætlanir til grundvallar ákvörðun brunabóta í máli þessu. Samkvæmt þessu og þegar litið er til sönn-

unarstöðu aðila, þykja ekki næg efni til að skerða fjárhæð þeirra um 15% þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 16. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands, sbr. sömu mgr. in fine. Félagið hefur þegar greitt áfrýjanda samtals 989.977 krónur hinn 10. nóvember 1988 (þ.e. 868.222 + 121.755). Ekki verður fallist á með hinu stefnda félagi, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari bóta vegna tómlætis eða nauðungarsölu eignarinnar. Nemur óbætt tjón áfrýjanda því 310.306 krónum. Ber að dæma félagið til að greiða fjárhæð þessa ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Miðað við atvik málsins telst upphafstími vaxta frá þingfestingardegi 1. desember 1988.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Brunabótafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Ármanni Óskarssyni, 310.306 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1988 til greiðsludags, er leggja má við höfuðstól í fyrsta sinn 1. desember 1989.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. október sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 1. desember 1988, af Ármanni Óskarssyni sjómanni með lögheimili að Vallargötu 18, Sandgerði, en dvalarstað að Kvisthaga 4, Reykjavík, kt. 181147-3779, á hendur Brunabótafélagi Íslands, Laugavegi 103, Reykjavík, kt. 480169-4179, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 2.919.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi skv. gjaldskrá LMFÍ ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að aðfaranótt 30. 12. 1986 hafi kviknað í fasteign sinni, nr. 18 við Vallargötu í Sandgerði, sem sé „forskalað“ einbýlishús, hæð og ris á steiptum kjallara. Húsið hafi verið mann-

laust, þar sem stefnandi hafi verið austur á fjörðum vegna starfa. Eignin hafi skemmst mjög mikið, hafi efri hæð brunnið að mestu, auk mikilla vatnsskemmda. Hafi eignin skemmst það mikið við brunann, að álitið hafi verið, að ekki myndi svara kostnaði að gera við hana. Í janúar/febrúar 1987 hafi fyrirtækin Trébær sf. og Rafþjónusta Þorsteins talið viðgerðar-kostnað myndu nema um 1.300.000 kr. Eignin hafi verið tryggð lögboðinni brunatryggingu hjá stefnda. Stefnandi hafi óskað eftir uppgjöri á tjóni sínu án árangurs og því falið lögmanni hagsmunagæslu í málinu miðsumars 1987.

Stefnandi kveður virðingu á tjóninu ekki hafa farið fram, eins og lög og reglur geri ráð fyrir. Umboðsmaður stefnda hafi boðið stefnanda fyrri hluta sumars 1987 250.000 kr. sem fullnaðarbætur og hækkað boðið nokkru síðar gegn því, að stefnandi afsalaði sér umráðum yfir eigninni.

Haustið 1987 hafi lögmaður stefnanda óskað munnlega eftir virðingu á tjóni stefnanda við yfirmenn stefnda, án þess að tjón hans fengist virt, en hinn 16. 11. s. á. hafi rústir hússins verið metnar til brunabótamats. Hinn 29. mars 1988 hafi lögmaður stefnanda fengið endurrit staðfestingar á brunatryggingu, þar sem rústir hafi verið metnar á 694.000 kr. Í maí 1988 hafi Ásgeir Ágústsson, deildarstjóri stefnda, afhent lögmanni stefnanda svokallaða matsgjörð, dags. 14. 4. 1987, undirritaða Magnús Jónsson, Guðjón Óskarsson, þar sem tjónið sé hæfilega metið á 890.427 kr., auk þess sem talið sé, að húsið verði ekki endurbyggt. Stefnandi telur, að sér hafi verið ókunnugt um tilvist þessarar matsgjörðar, enda hafi hún verið framkvæmd án sinnar vitundar. Kveðst stefnandi ekki hafa tilnefnt nokkurn til að vera viðstaddan virðingu á brunatjóni, enda hafi hann ekki verið til þess hvattur.

Hinn 9. 6. 1988 hafi stefndi framvísað yfirlýsingu, dags. 7. júní 1988, þar sem Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmiður staðhæfi, að hann ásamt Þorsteini Sigurðssyni rafvirkjameistara hafi verið fulltrúi stefnanda við mat á brunatjóni ásamt fulltrúa stefnda. Hafi matsgjörð verið undirrituð 14. 4. 1987. Hafi beiðni til þeirra komið frá Einari Stefánssyni.

Stefnandi kveður ofangreinda „matsmenn“ hafa skilað af sér öðrum virðingargerðum í janúar/febrúar, sem hafi verið til muna hærri, auk þess sem engu mati hafi verið framvísað, sem beri undirritun þeirra. Kveðst stefnandi ofsinnis hafa mótmælt þessu mati, m. a. bréflega 16. 9. 1988, auk þess sem hann hafi þá krafist þess, að brunatjónið yrði tafarlaust virt með formlegum hætti. Þessum kröfum hafi verið fylgt eftir munnlega af lögmanni stefnanda, og hinn 24. 10. 1988 hafi stefnanda verið tilkynnt, að mál hans væri til skoðunar hjá stefnda og til afgreiðslu á næstu dögum.

Hinn 10. nóvember 1988 hafi lögmaður stefnanda fengið sent einhliða ákvarðað uppgjör, þar sem stuðst sé við matsgjörð, dags. 14. 4. 1987, auk

Þess sem bætur séu lækkaðar um 15% með vísan til 16. gr., 2. mgr., laga nr. 9/1955. Hafi þessu uppgjöri verið mótmælt bréflega 11. 11. 1988 og stefnda tilkynnt, að greiðsla væri tekin sem innborgun. Mótmælir stefnandi þeirri staðhæfingu stefnda, að mat hafi farið fram með formlegum eða lögmætum hætti, og gerir því kröfur til þess, að tjónið verði gert upp á grundvelli þágildandi brunabótamats, sem skv. yfirlýsingu stefnda hafi numið á tjónsdegi 2,919.000 krónum. Krafist sé ýrustu vaxta á þá fjárhæð frá tjónsdegi til greiðsludags. Til lækkunar stefnukröfum komi 694.000 kr. frá 29. 3. 1988, sem sé mat á Vallargötu 18 á þeim degi, sbr. skírteini stefnda nr. F 259 106, og 868.221,60 kr., sem greitt hafi verið 10. nóvember 1988.

Þá er því sérstaklega mótmælt, að bótagreiðsla verði lækkuð, með hliðsjón af 16. gr., 2. mgr., laga nr. 9/1955, þar sem brunarústir séu virtar til fjár og þar með ekki gert ráð fyrir öðru en húsið verði endurbyggt.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á ákvæðum laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954, lögum um Brunabótafélag Íslands nr. 9/1955 og samningalögum nr. 7/1936 og ákvæði váttryggingarlaga nr. 20/1954. Kveður hann aðila vera sammála um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Af hálfu stefnda eru málsatvik talin vera þau, að 30. desember 1986 hafi orðið bruni í húsi stefnanda að Vallargötu 18, Sandgerði. Hafi slökkviliðið ráðið niðurlögum eldsins. Hús þetta hafi verið „forskalað“ einbýlishús, hæð og ris á steiptum kjallara. Hafi húsið staðið autt og vanhirt og í mikilli niðurníðslu, þegar bruninn varð. Skemmdir hafi orðið miklar á risi að völdum elds og vatns, en húsið verið vel viðgerðarhæft. Lögreglurannsókn á brunaorsökum hafi lokið í lok apríl 1987. Hafi hún leitt grun að því, að óviðkomandi hafi farið inn í húsið og verið valdir að brunanum. Eftir brunann hafi stefnandi ekki hirt frekar um húsið en áður. Húsið hafi verið brunatryggt hjá stefnda, Brunabótafélagi Íslands.

Váttryggingarupphæð hússins hafi numið á tjónsdegi, 30. des. 1986, 2.501.000 kr., en raunvirði þess hafi verið mun lægra sökum undanfarandi vanhirdu og viðhaldsleysis hússins. Stefndi telur, að skv. lögum og brunatryggingarskilmálum hafi borið að bæta tjónið eftir mati virðingarmanna hvors frá sínum aðila. Kveðst stefndi hafa falið virðingarmanni sínum, Magnúsi Jónssyni verkfræðingi, að sjá til þess, að tjónsmat færi fram. Hafi Magnúsi verið vísað á Einar Stefánsson, Heiðargili 10, Keflavík, sem umboðsmann stefnanda, en Einar hafi beðið Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmið, Keflavík, að vera virðingarmann af hálfu stefnanda.

Virðingarmennirnir Magnús Jónsson og Sigurbjörn Þór Sigurðsson hafi hafið matsstörf í janúar 1987. Hafi þeir notið aðstoðar Þorsteins Sigurðssonar rafvirkjameistara, Keflavík, við mat á raflögnum. Meðan á mats-

störfum stóð, hafi Magnús Jónsson virðingarmaður rætt nokkrum sinnum við stefnanda um matið og verðmæti húss stefnanda. Komið hafi fram, að stefnandi hafi viljað, að stefndi leysti til sín húsið með váttryggingarupphæð þess. Hafi honum verið bent á, að lög og brunatryggingarskilmálar gerðu ekki ráð fyrir brunabótum á öðrum grundvelli en mati. Niðurstöður matsmanna um tjónsbætur, 890.427 kr., hafi legið fyrir í febrúar 1987. Hafi stefnanda þá verið tilkynnt um þær og honum jafnframt bent á, að hann gæti óskað yfirmats, ef hann yndi ekki við matsfjárhæð. Undir matsgerðina hafi þó eigi verið ritað fyrr en 14. apríl 1987, og hafi bróðir stefnanda, Guðjón Óskarsson, ritað undir matið og veitt því viðtöku af hans hálfu að fengnu umboði.

Matsgerð hafi eigi verið sundurliðuð, en matsfjárhæð hafi verið miðuð við kostnað við að koma húseigninni í sambærilegt horf og hún var í fyrir brunann að frádreginni verðrýrnun vegna aldurs, sbr. 37. gr. váttryggingarsamningalaga nr. 20/1954.

Stefnandi hafi eigi óskað yfirmats né tekið við tjónsbótum á grundvelli matsgerðarinnar. Með bréfi 14. ágúst 1987 hafi lögmaður stefnanda óskað eftir gögnum frá stefnda varðandi tjónið, en matsgjörðinni hafi fyrst verið mótmælt með bréfi 26. maí 1988.

Mótmælin hafi verið árétтуð með bréfi 16. september 1988 og krafist kosningar virðingarmanna, en eigi yfirmats, og jafnframt hafi verið tilkynnt, að yrði tilmælum eigi sinnt, myndi stefnandi óska einhliða eftir mati. Af því hafi eigi orðið.

Stefndi hafi síðan sent stefnanda bótauppgjör á grundvelli matsins frá 14. apríl 1987 með bréfi 10. nóvember 1988. Stefnandi hafi eigi viljað una því og hafi því höfðað mál þetta til heimtu tjónsbóta, sem hann miði við váttryggingarupphæð hússins skv. skírteini 16. nóvember 1987 að frádreginni váttryggingarupphæð þess 29. mars 1988 og tjónsbótum skv. matsgerð frá 14. apríl 1987.

Stefndi kveður sýknukröfu sína vera reista á því, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu á hendur stefnda, þar sem stefndi hafi bætt brunatjón stefnanda í samræmi við lög og váttryggingarskilmála. Í annan stað sé grundvöllur kröfugerðar stefnanda rangur og eigi sér hvorki heimild í lögum né váttryggingarsamningi.

Um bætur fyrir brunatjón fasteigna hjá stefnda fari skv. skilmálum stefnda, reglugerð nr. 101/1932 fyrir Brunabótafélag Íslands, einkum gr. 74-110, og 37. gr. váttryggingarsamningalaga. Nefnd reglugerð hafi verið sett með heimild í þágildandi lögum um stefnda nr. 26/1932, en núgildandi heimild sé í 22. gr. laga nr. 9/1955 um stefnda, en ný reglugerð hafi eigi verið sett.

Samkvæmt köflum reglugerðarinnar um ákvörðun brunabóta um skoð-

unar- og virðingargerðir út af brunatjóni, yfirmat og fleira og kafla vátryggingarskilmálanna um virðingu brunatjóns verði brunatjón eigi bætt á neinum öðrum grundvelli en matsgerð um tjónið hverju sinni.

Matsgerð sé endanleg um ákvörðun bóta, sbr. niðurlagsákvæði kafla skilmálanna um virðingu brunatjóns og yfirmat, sbr. og 87. og 90. gr. reglugerðar nr. 101/1932. Verði stefndi því ekki krafinn um brunabætur fyrir dómstólum eða annars staðar á öðrum grundvelli en matsgerð. Það geri stefnandi eigi, og verði að sýkna stefnda þegar af þeirri ástæðu.

Stefnanda hafi borið að óska yfirmats innan tveggja vikna frá frummati eða frá því að honum var um matið kunnugt, eða efna til nýs mats, hafi hann ekki viljað sætta sig við fyrirliggjandi mat, sbr. bréf hans 26. 5. 1988 og 16. 9. 1988. Hafi hann hvorugt gert, þrátt fyrir það að stefndi studdist við frummatið frá 14. apríl 1987. Sé stefnandi því nú bundinn við það mat. Stefndi hafi innt brunabætur af hendi á grundvelli þessa mats, og sé ósannað, að brunatjón stefnanda, svo sem það beri að meta skv. vátryggingarskilmálum og reglugerð, nemi öðru og meira en nefnd matsgerð segi til um. Beri einnig að sýkna stefnda af þeirri ástæðu. Kröfugerð á grundvelli vátryggingarfjárhæða í skirteinum sé löglaus og út í hött, enda sé stefnda aldrei skylt að bæta annað og meira en rauntjónið, sbr. vátryggingarskilmálana, 37. og 39. gr. vátryggingarsamningalaga og 78.-83. gr. reglugerðar nr. 101/1932.

Stefndi andmælir sérstaklega sem röngum þeim fullyrðingum í sóknarskjölum, að matsgjörð hafi farið fram án vitundar stefnanda og umboðs eða að matsgjörð hafi verið andmælt við stefnda, áður en lögmaður hans kom andmælum á framfæri 26. 5. 1988 og 16. 9. 1988.

Upphafstíma vaxta og vaxtaprósentu telur stefndi einnig verða að andmæla og sömuleiðis vöxtum af málskostnaði.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn hafa komið stefnandi málsins, Ármann Óskarsson, Magnús Jónsson, tæknifræðingur og tilnefndur matsmaður af hálfu stefnda, Brunabótafélags Íslands, Jón Halldór Norðfjörð, eiginmaður og aðstoðarmaður umboðsmanns stefnda í Sandgerði, Sigurbjörn Þór Sigurðsson smiður, Þorsteinn Sigurðsson rafvirki, Einar Stefánsson tækniteknari, frændi stefnanda, og Guðjón Óskarsson sjómaður, bróðir stefnanda.

Stefnandi kveðst krefja stefnda um skaðabætur. Eins og mál þetta er vaxið, verður að ætla, að stefnandi eigi við brunatjónsbætur, en skaðabóta-grundvelli er hér ekki til að dreifa. Húseign stefnanda var í brunatryggingu hjá stefnda, og svarar hann því til lögboðinna bóta vegna brunans. Stefndi reisir málsókn sína á því, að mat á brunatjóninu hafi ekki farið fram með formlegum og/eða lögmætum hætti, og beri stefnda því að greiða sér

bætur miðað við váttryggingarfjárhæð á tjónsdegi að frádreginni váttryggingarupphæð hússins eftir tjón og þeirri fjárhæð, sem þegar er greidd. Réttur stefnanda er að fá rauntjón bætt, svo að hann verði eins settur og hann var fyrir tjónið, sbr. 37. gr. laga 20/1954 og 84. gr. rgl. nr. 101/1932. Váttryggingarupphæð hússins var hinn 30. 12. 1986 2.501.000 kr. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að váttryggingarverðmæti þess á þeim degi, þ. e., þegar bruninn varð, hafi verið talsvert lægra.

Vitnin Magnús Jónsson og Jón H. Norðfjörð bera, að ástand hússins hafi verið bágborið og það hafi verið vanhirt, er bruninn varð. Stefnandi var við störf úti á landi, og samkvæmt lögregluskýrslu var húsið mannlaust og engin húsgögn í því. Eldsupptök eru óupplýst. Stefnandi kvaðst fyrir dómi hafa falið bróður sínum, Guðjóni Óskarssyni, umsjá hússins í fjarveru sinni, en aðspurt fyrir dómi kvaðst vitnið Guðjón ekkert hafa haft með húsið að gera og aldrei komið þar. Vitnið Sigurbjörn Þór Sigurðsson kvað húsið ekki hafa verið löglega byggt, og þyrfti að kosta meira til uppbyggingar þess, t. d. í þaksperrum og einangrun, til þess að fá það tekið út. Þykir þetta styrkja þá fullyrðingu stefnda, að verðmæti hússins hafi verið undir váttryggingarfjárhæð á tjónsdegi. Ekkert hefur komið fram af hálfu stefnanda, er dregur úr þeim líkum.

Stefnandi fékk Sigurbjörn Þór Sigurðsson og Þorstein Sigurðsson til að gera kostnaðaráætlun um viðgerð. Upplýst er, að í virðingu þeirra er miðað við nýtt og bætt, en ekki ástand hússins fyrir tjón.

Samkvæmt lögum og váttryggingarskilmálum er tjónið ákvarðað með mati, og tilnefni hvor aðili sinn fulltrúa. Aðilum ber ekki saman um, hvort stefndi hafi skorað á stefnanda að tilnefna fulltrúa og hvort hann hafi haft fulltrúa við það. Á stefnanda hvíldi þrátt fyrir það lögum samkvæmt skylda til að upplýsa og aðstoða stefnda vegna tjónsins. Telja verður, að honum hafi mátt vera þetta ljóst sem og það, að honum væri ætlað að tilnefna matsmann, sbr. 22. gr. laga nr. 20/1954 og 85. gr. rgl. nr. 101/1932. Upplýst er, að stefnandi var í sambandi við stefnda vegna tjónsins, og svo sem áður greinir, réð hann í janúar 1987 sérfróða menn, Sigurbjörn Þór Sigurðsson og Þorstein Sigurðsson, til að ákveða kostnað við endurbyggingu hins skemmda. Einnig verður að telja upplýst, að tilnefndur matsmaður af hálfu stefnda, vitnið Magnús Jónsson, hafi stuðst við niðurstöðu þeirra við matið. Lögð er fram í málinu yfirlýsing, dags. 7. júní 1988, undirrituð af vitninu Sigurbirni og staðfest rétt af vitninu Einari Stefánssyni, svohljóðandi: „Ég undirritaður, Sigurbjörn Þór Sigurðsson trésmiður, Keflavík, staðfesti hér með, að ég og Þorsteinn Sigurðsson rafvirkjameistari, Keflavík, vorum fulltrúar Ármanns Óskarssonar, eiganda hússins Vallargötu 18, Sandgerði, við mat á brunatjóni, sem varð á húsinu 30. desember 1986. Matsgjörðin, sem við framkvæmdum ásamt fulltrúa frá Brunabótafélagi

Íslands, var undirrituð 14. apríl 1987. Beiðni um, að við Þorsteinn yrðum fulltrúar Ármanns við matsgjörðina, kom frá umbjóðanda hans, Einari Stefánssyni, Heiðargili 10, Keflavík. “Er vitnin Sigurbjörn og Einar komu fyrir dóm, könnuðust þeir við undirskrift sína á skjalinu, en neituðu því, að það væri efnislega rétt. Töldu þeir sig aðeins hafa sinnt persónulegum erindum stefnanda til að fá virðingu á kostnaði við endurbyggingu hússins, en ekki staðið að mati á tjóninu ásamt Brunabótafélagi Íslands. Upplýst er, að yfirlýsingin er samin af fulltrúa stefnda, Jóni Norðfjörð, sem er eiginmaður og aðstoðarmaður umboðsmanns Brunabótafélags Íslands í Sandgerði, og komið á framfæri til undirritunar af honum. Ekki kom fram fullnægjandi skýring á því, hvers vegna þeir hefðu undirritað yfirlýsinguna, þar sem þeir töldu efni hennar rangt.

Samkvæmt málflutningsyfirlýsingu lögmanns stefnanda er ekki vefengt, að mati brunatjónsins, er stefndi átti frumkvæði að, hafi verið lokið í febrúar 1987, en það er undirritað 14. apríl s. á. Auk fulltrúa stefnda er það undirritað af Guðjóni Óskarssyni, bróður stefnanda. Lagt hefur verið fram umboð stefnanda til Guðjóns, sem var í vörslu stefnda. Umboðið er ódagsett og hljóðar svo: „Ég undirritaður, Ármann Óskarsson, nnr. 0442-0365, gef hér með Guðjóni Óskarssyni, nnr. 2926-2209, fullt og ótakmarkað umboð til að veita viðtöku og skrifa undir skjöl þar að lútandi“ (sic). Fyrir réttinum hafa stefnandi og Guðjón borið, að umboðið hafi aðeins átt að taka til móttöku bótafjár og Guðjón því ekki haft umboð til að undirrita matsgerðina. Guðjón hefur kannast við undirritun sína á matsgerðinni, en kannast ekki við hana að öðru leyti; hann kvaðst þó hafa hitt Magnús Jónsson tvisvar. Engin skýring er fram komin á því, hvers vegna hann undirritaði matsgjörðina, þar sem hann nú telur sig ekki hafa haft umboð til þess og ekki þekkingu til að framkvæma hana. Stefnandi kvað við aðilaskýrslu Guðjón hafa haft umboð til að taka við greiðslu á grundvelli dómskjala 4 og 5, sem eru kostnaðaráætlanir Sigurbjörns Sigurðssonar og Þorsteins Sigurðssonar, en ekki til annars. Samkvæmt texta umboðsins verður ekki fallist á svo þrönga túlkun þess, enda engin sönnun komin fram, er styðji þessa fullyrðingu. Telja verður, að undirritun Guðjóns Óskarssonar fullgildi matsgjörðina sem slíka, jafnvel þótt ekki sé fram komin ótvíræð sönnun fyrir því, að stefndi hafi með formlegum hætti skorað á stefnanda að tilnefna fulltrúa til matsins eða hann hafi haft við það hæfan fulltrúa. Verður því að líta svo á, að 14. apríl 1987 hafi byrjað að líða frestur sá, er stefnandi hafði til þess að fara fram á yfirmat, en það lét hann ógert. Stefnandi hefur eigi óskað dómkvaðningar matsmanna til að staðreyna tjón sitt, og hann hefur eigi látið gera við skemmdirnar. Verður því að telja, að stefnda sé rétt að leggja matsgjörð frá 14. apríl 1987 til grundvallar við uppgjör tjónsins.

Það er meginregla, að brunabætur séu greiddar vegna uppbyggingar hins skemmda, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 9/1955. Upplýst er, að endurbygging hefur ekki farið fram. Greiðsluuppgjör sitt innir stefndi af hendi án skilyrða um endurbyggingu, og var honum því heimilt að draga frá 15%, sbr. 2. mgr. 16. gr. sömu laga. Stefnandi hefur ekki sannað, að tjón hans hafi verið meira en nemur þeirri bótafjarhæð, er hann þegar hefur fengið greidda, og skal stefndi því vera sýkn af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu. Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Brunabótafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ármanns Óskarssonar.

Málskostnaður fellur niður.